

Nr. 099 / 16 Sólfar II RIB farþegabátur***Farþegi slasast í baki***

Skipaskr.nr. 7574
Útgerð: Hvalaskoðun Akureyrar ehf.
Smíðaður: Pólland 2006, trefjaplast
Stærð: 4,46 bt.
Mesta lengd: 8,94 m Skráð lengd: 8,11 m
Breidd: 3,15 m Dýpt: 0,93 m
Vél: Mercury utanborðs, 330 kw, árg: 2005
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 12



Sólfar II ©Stefán Mar

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 5. október 2016 var farþegabáturinn Sólfar II (RIB) á Eyjafirði með farþega í hvalaskoðun. Veður: N-læg 10 m/s.

Báturinn var að sigla í kringum hvali er hann fékk á sig öldu frá öðrum bát. Hann lyftist upp og skall niður þannig að einn af farþegunum fékk högg á bak og háls. Siglt var með slasaða til hafnar á Árskógssandi þar sem hann var fluttur með sjúkrabifreið á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra var veður bjart og ölduhæð um 0,5 – 0,7 m;
- að sögn skipstjóra var hraði bátsins um 24 – 27 hnútar þegar atvikið átti sér stað og taldi hann að það hefði ekki verið of mikill hraði við þessar aðstæður;
- að skipstjóri sagði að allir farþegar fái leiðbeiningar um það hvernig þeir eigi að bera sig að á siglingu og þá er þeim bent á að þessar siglingar séu ekki fyrir veikburða fólk;
- að skipstjórinn tilkynnti ekki atvikið til RNSA.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en vísar á álit hennar í sambærilegum málum nr. 10411, 15411, 17013, 03516 og 03616 sem er með tillögu í öryggisátt.